

HANDBÓK

OFNHITAKERFIS FJARÐARGÖTU 64 ÞINGEYRI



Fjarðargata 64 Þingeyri

*Viktor Pálsson
Pípulagningamaður
Þingeyri.
Sími: 693-1847.*

Hitakerfi, Fjarðargötu 64 470 Þingeyri.

HITAKERFI NR 1.

Kerfislýsing.

Hitakerfi hússins, er lokað vatnshitakerfi með ofnum.


Áfyllingarloki er á kaldavatnslögn í neysluvatnskerfi hússins.

Með því að opna kúlulokann (tæki 1.01) skal myndaður eins kíló þrýstingur inn á hitakerfið sjá þrýstimæli (tæki 1.02.).

Hitakerfinu er stjórnað með Danfoss framrásarstýrilokum (tæki 1.11.) á hverjum ofni fyrir sig í viðkomandi herbergi.

Þá er stofuhitastillir (termostat) (tæki 1.10.) sem notaður er til að slökkva á hitakerfi hússins - dælunni (tæki 1.05.) þegar húsið er loftræst .

Svo ekki þurfi að lækka (rugla) hitastígið á ofnlökunum meðan húsið er loftræst.



Ofnhitakerfi að Fjarðargötu 64
470 Þingeyri

28.10. 2010
Viktor Pálsson 693-1847



Samvirkni tækja og tækjalisti.

Nr.	Heiti	Hlutverk.
1.01.	Kúluloki.	Staðsettur niður við gólf á áfyllingarlögn hitakerfisins utan við Sjálfvirkan áfyllingarloka (tæki 1.01A). Stjórnar vatnsstreymi að sjálfvirkum áfyllingarloka (tæki 1.01A). Lesið af þrýstimæli (tæki 1.02.). <i>Gerð: Tour & Anderson</i> <i>Umboð: Ísleifur Jónsson hf.</i>
1.01a.	Sjálfvirkur- áfyllingarloki.	Staðsettur niður við gólf á áfyllingarlögn hitakerfisins, utan við þrýstimælir (tæki 1.02.). Stjórnast af Kúluloka (tæki 1.01.). Á að halda jöfnum þrýstingi á hitakerfinu, sjá þrýstimæli (tæki 1.02.), sjá, og lesið af þrýstimæli (tæki 1.02.). <i>Gerð: Flamco</i> <i>Umboð: Ísleifur Jónsson hf.</i>
1.02	Þrýstimælir.	Staðsettur á áfyllingarlögn hitakerfisins niður við gólf til vinstri aftan við Hitatúpu (tæki 1.03.). Fær vatnsþrýsting frá Kúluloka (tæki 1.01.), og sýnir þrýstinginn inn í bakrás hitakerfisins. Stillist á 1 kg. <i>Gerð: Rexotherm</i> <i>Umboð: Ísleifur Jónsson hf.</i>
1.03.	Hitatúpa.	Staðsett á gólfi í kyndiklefa. Stjórnar hitastigi vatnsins á ofnhitakerfinu, með þrem <u>rafhitaelimentum</u> . <u>Rafhitaelimentin eru þannig tengd að þau fara öll inn í einu og fara öll út í einu</u> , eftir skipun frá hitastilli, staðsettum hjá rafhitaelimentunum, <u>stilltur á 60°C</u> . Talið frá vinstri, eliment nr.1. er 6 KW-, eliment nr.2. er 3KW- og element nr.3. er 1.5KW. Framan á Hitatúpunni er rauður takki, sem þarf að þrýsta inn ef Hitatúpan slær út. Stillt á 60°C. <i>Gerð: Rafha</i> <i>Umboð: Rafha.</i>
1.04.	Þrýstimælir.	Staðsettur í framrás hitakerfis, ofan við Hitatúpu (tæki 1.03.), en aftan við dælu (tæki 1.05). Sýnir staðbundinn þrýsting í framrás hitakerfisins framan við Hitatúpu (tæki 1.03.) en aftan við dælu (tæki 1.05.). Sýnir þrýstisvið 1 til 2 kg. ? <i>Gerð: Rexotherm</i> <i>Umboð: Ísleifur Jónsson hf.</i>

- 1.04a. Penslukútur. Staðsettur á framrás hitakerfi hússins framan við Hitatúpu (tæki 1.03.), en aftan við dælu (tæki 1.05.),
Tekur á móti og jafnar út þrýstiálagi í ofnhitakerfi hússins.
Á að halda jöfnum þrýstingi á ofnhitakerfinu.
Gerð: *Flamco* Umboð: *Ísleifur Jónsson hf.*
- 1.05. Dæla. Staðsett í framrás hitakerfis framanvið Hitatúpu (tæki 1.03.).
Stjórnast af stofuhitastilli (termostat) (tæki 1.10), og þriggjaþrepa hraðastilli, staðsettum í dælu sjálfri, mestihraði, minnihraði og minnstihraði.
Stjórnar heitavatninu frá Hitatúpunni (tæki 1.03.) upp í ofnhitakerfi hússins, að Danfoss framrásarstýrilokunum (tæki 1.11.).
Er alltaf í gangi, á minnstahraða:
Gerð: *Speroni SRC 25-40 180* Umboð: *Ísleifur Jónsson hf.*
- 1.06. Renniloki. Staðsettur í framrás hitakerfis, hliðtengdur við dælu (tæki 1.05.).
Opnar fyrir framhjálaup heitavatnsins, inn á ofnhitakerfið, framhjá dælu (tæki 1.05.) ef hún bilar.
Rennilokinn á alltaf að vera lokaður, nema dælan sé biluð.
Gerð: *Tour &Anderson* Umboð: *Ísleifur Jónsson hf.*
- 1.07. Kúluloki. Staðsettur aftan við dælu (tæki 1.05.).
Notaður til að loka fyrir vatnið, ef dælan bilar, og
ef dæluna þarf að taka frá.
Gerð: *Tour &Anderson* Umboð: *Ísleifur Jónsson hf.*
- 1.07a. Kúluloki. Staðsettur framan við dælu (tæki 1.05.).
Notaður til að loka fyrir vatnið, ef dælan bilar, og
ef dæluna þarf að taka frá.
Gerð: *Tour &Anderson* Umboð: *Ísleifur Jónsson hf.*
- 1.08. Þrýstimælir. Staðsettur í framrás hitakerfis framan við dælu (tæki 1.05.). Sýnir hver þrýstingurinn er í framrás hitakerfisins, framan við dælu (tæki 1.05.).
Sjá, þrýstingurinn fer eftir afköstum dælu (tæki 1.05.).
Gerð: *Rexotherm* Umboð: *Ísleifur Jónsson hf.*
- 1.09. Loftaftöppun. Staðsett á framrás hitakerfis framan við dælu (tæki 1.05.).
Sjálfvirk. Sjálfvirk loftaftöppun, en þó þarf að opna fyrir loftskrúfu efst á Loftaftöppuninni og láta hana standa þannig opna í sirka 10 til 15 mínútur, og loka síðan aftur.
Þessa aðgerð þarf að framkvæma stökusinum.
Gerð: *Flamco* Umboð: *Ísleifur Jónsson hf.*
- 1.09a. Einstefnukloki. Staðsettur í framrás Hitakerfi hússins, framan við dælu (tæki 1.05.)
Kemur í veg fyrir að heitavatnið renni öfugaleið í Hitakerfinu.
Ísleifur Jónsson hf.
Gerð: *Tour &Anderson* Umboð: *Ísleifur Jónsson hf.*

- 1.10. Stofuhitastillir. Staðsettur bakvið hurð á skrifstofu húsbónda. Stjórnar dælu (tæki 1.05.). En stjórnast handvirkt, af - á (on – off), notað til að slökkva á dælu (tæki 1.05.) þegar loftræsa á húsið, og kveikja aftur á dælu að lokinni Loftræsingu.

Stillist í topp 30°C.

Gerð: Honneywell

Umboð: Hátækni hf.

- 1.11. Lofthitastýrðir. Staðsettur í framrás hitakerfisins inn á hvern ofn fyrir sig, í öllum herbergjum á framrásarlokar. efri hæð hússins.

Stillist eftir þörfum, miðað við það hitastig sem óskað er eftir hverju sinni í viðkomandi herbergi.

Stjórnast af hita loftsins sem leikur um rýmið í viðkomandi herbergi.

Sérstaklega þarf að fylgjast með að gardínur, sófar, djúpir stólar eða skápar, loki ekki af Lofthitastýrðu framrásarlokana frá loftinu í miðrymi viðkomandi herbergis, það loft þarf að geta leikið um Lofthitastýrða framrásarlokann, annars getur hann ekki unnið rétt fyrir þig.

Það sama gildir séu skynjarar Lofthitastýrðu framrásarlokana staðsettir út á vegg utan við lokann (ofninn), en ekki inn í sjálfum Lofthitastýrða lokanum, eins og er í stofunni í þessu húsi. Þess vegna þarf að huga sérstaklega að ekkert hylji skynjarana, hvorki málning, eða önnur óhreinindi.

Ekki mega gardínur ná niður fyrir gluggakistu, ef það gerist, loka gardínurnar Lofthitastýrðu framrásarlokann inni í hitapotti frá ofninum, og Lofthitastýrði framrásarlokinn hættir að vinna eins og til er ætlast, og getur ekki stýrt því óskhitastigi sem beðið er um í viðkomandi herbergi.

Stillist eftir persónulegri tilfinningu fyrir hitastigi ?

Gerð: Danfoss RA 2000

Umboð: Danfoss hf.

- 1.12. Herbergisofnar. Staðsettur í hverju herbergi fyrir sig í allri íbúðinni á efri hæð. Speglar hitanum sem þeir fá frá Hitatúpu (tæki 1.03.) inn í viðkomandi herbergi. Stjórnast af Lofthitastýrðum framrásarloka (tæki 1.11.).

Gerð: Helluofnar

Umboð: Ofnasmiðjan



*Viktor Pálsson,
Pípulagningamaður
Þingeyri
Sími: 693-1847.*